

Fimmtudaginn 10. desember 1992.

Nr. 335/1992. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn

Sigurði Hreini Hilmarssyni

(Ingólfur Hjartarson hrl.).

Bifreiðar. Of hraður akstur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Ákærvaldið skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. júlí 1992 að ósk ákærða. Ríkissaksóknari krefst staðfestingar hins áfrýj-
aða dóms.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms verður hann staðfestur. Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, svo sem í dóms-
orði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Ákærði, Sigurður Hreinn Hilmarsson, greiði allan áfrýj-
unarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkis-
sjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns,
Ingólfs Hjartarsonar hæstaréttarlögmans, 30.000 krónur.

Dómur sakadóms Hafnarfjarðar 12. júní 1992.

Ár 1992, föstudaginn 12. júní, er á dómþingi sakadóms Hafnarfjarðar
og Garða, sem háð er að Strandgötu 31, kveðinn upp dómur í sakadóms-
málinu nr. 2708/1990: Ákærvaldið gegn Sigurði Hreini Hilmarssyni.

Mál þetta, sem dómtekið var 4. júní, er með ákæruskjali ríkissaksóknara,
dags. 25. mars 1991, höfðað gegn Sigurði Hreini Hilmarssyni, Þrastanesi
15, Garðakaupstað, fyrir að aka að kvöldi föstudagsins 28. september 1990
bifreiðinni G-7061 suður Kringlumýrarbraut eftir vegarkafli við Sléttuveg
(sic).

Telst þetta varða við 1. mgr. 37. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga
nr. 50, 1987, og 23. gr., sbr. 32. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík
nr. 625, 1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar öku-réttinda samkvæmt 101. gr. nefndra umferðarlaga og til greiðslu alls sakar-kostnaðar.

Ákærði er sakhæfur, fæddur 8. júní 1944, fnr. 418, og hefur sætt refs-ingum sem hér segir:

— — —

Málavextir.

Föstudaginn 28. september 1990 kl. 23.57 voru tveir lögreglumenn við hraðamælingu í kyrrstæðri lögreglubifreið við Sléttuveg í Reykjavík og mældu umferðarhraða á Kringlumýrarbraut. Veittu þeir þá athygli bifreið-inni G-7061, þar sem henni var ekið allhratt suður Kringlumýrarbraut, og báru lögreglumennirnir, að ratsjá hefði sýnt töluna 93 km hraða m/v klst., en leyfilegur hraði á brautinni er 60 km m/v klst. Akstur bifreiðarinnar var stöðvaður, og reyndist ákærði vera ökumaður hennar, og voru honum kynntar niðurstöður ratsjarmælingar. Hann taldi strax, er lögreglan stöðv-aði aksturinn, að mældur ökuhraði væri að sínu mati mjög ótrúlegur, og taldi hann sig hafa ekið á 60-70 km hraða m/v klst.

Bæði lögreglumönnum og ákærða ber saman um, að lítil umferð hafi verið, er umrædd mæling var gerð, og hafa lögreglumennirnir borið bæði hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík og fyrir dómi, að ekki hafi farið á milli mála, að mælingin hafi átt við bíl ákærða og ratsjain verið prófuð bæði fyrir og eftir mælingu og verið í lagi.

Ákærði gaf skýrslu hjá lögreglu 16. janúar 1991. Kvaðst hann hafa kom-ið akandi Bústaðaveg og ekið aðrennslisbraut inn á Kringlumýrarbraut til suðurs. Hann kvaðst hafa séð bifreið, sem komið hefði suður Kringlu-mýrarbraut. Hefði hún verið á mikilli ferð og ákærði þá tekið þá ákvörðun að fara inn á Kringlumýrarbraut og aðeins aukið hraðann, er hann ók inn á brautina.

Ákærði kom svo fyrir dóm 7. mars 1991 og bar þá, að þrátt fyrir ferð bifreiðarinnar, er kom suður Kringlumýrarbraut, hefði hann talið ferðina vera það mikla, að hann hefði talið sér óhætt að aka inn á akbrautina. Kvaðst hann hafa ekið á 60 km hraða m/v klst., er hann hefði ekið inn á Kringlumýrarbrautina, en svo aukið hraðann og sennilega ekið á 60-70 km hraða m/v klst. eftir Kringlumýrarbraut.

Ákærði kom aftur fyrir dóm 1. júní 1992 og lýsti atburðum þá mjög á sama veg. Hann taldi, að bifreiðin, sem hann sá, áður en hann ók inn á Kringlumýrarbraut, hefði fært sig yfir á vinstri akrein og farið fram úr sér. Hann minntist þess ekki sérstaklega að hafa veitt henni meiri athygli en þetta. Hann hefði svo verið stöðvaður af lögreglu undir Kópavogsbrú og verið tjáð, að hann hefði verið á 93 km hraða m/v klst. þarna niður

brekkuna, en hann sagt lögreglunni, að sér fyndist það afskaplega ótrúlegt. Hann kvaðst vera margbúinn að sannprófa það síðar og fullvissa sig um, að það hefði verið alveg óhugsandi, að hann hefði verið á 93 km hraða m/v klst. miðað við, að bíllinn væri að koma þarna undir brúna sér á vinstri hönd. Hann hefði tekið sérstaklega eftir honum, og það væri alveg sérstök ástæða til þess, að hann léti það aldrei henda sig að fara óvarlega inn á götu, þar sem búast mætti við umferð frá vinstri, vegna þess að hann sé blindur á vinstra auga og geti ekki leyft sér að skoða aðstæður í skyndingu, svo að hann hægi á sér, um leið og hann fari niður brekkuna áfram að Kringlumýrarbrautinni, og meti það þannig, að bíllinn, sem sé undir brúnni, sé það langt frá, að sér sé óhætt að aka inn. Hann kvaðst ekki hafa fylgst með hraðamæli bifreiðarinnar, þar sem hann hefði verið að fylgjast með bílnum, en væri sannfærður um, að hann hefði ekki verið á meira en 40-50 km hraða m/v klst., en hann hefði margekið þessa sömu leið, þarna aki hann tveim til þrem sinnum á dag. Hann taldi óhugsandi, að hann hefði komist upp í 93 km hraða m/v klst., frá því að hann fór inn á Kringlumýrarbraut. Hann hefði ekki tekið eftir lögreglumönnum, sem voru þarna við hraðamælingu, og vissi ekki, fyrr en hann var stöðvaður, og séð, að þeir voru á eftir sér, en það hefði ekki hvarflað að sér, að þeir ætluðu að stöðva sig.

Ákærði var spurður að því, hvernig blindan á vinstra auga væri honum til trafala í akstri. Hann kvað hana ekki há sér í akstri nema við sérstakar aðstæður. Hann kvað vanta 20°-30° á sjónsviðið, en hann sé með sérútbúinn spegil, sem leysi þetta mál algjörlega nema í svona tilfellum, þar sem sé hæðarmunur milli afreinanna og Kringlumýrarbrautar; þá verði hann að snúa höfðinu í hálfhring. Hann hafði engin vitni að því, að hann hefði ekið þá leið, sem hann hélt fram.

Vitnið Grímur Grímsson, lögreglumaður nr. 132, Vesturbergi 46, Reykjavík, kt. 020961-3159, gaf skýrslu hér fyrir dómi 22. maí 1991. Vitnið kvaðst aðspurt minnst þess, að það hefði séð bifreiðina G-7061 fara suður Kringlumýrarbraut, sjáanlega hratt, en minnst þess ekki að hafa áttað sig á því, að hún kæmi af aðrennslisbrautinni, en hraði hennar hefði verið mældur með ratsjá, rétt þegar hún var komin á Kringlumýrarbraut á vegarkafli hjá Sléttuvegi, og hefði hraðinn mælst vera 93 km m/v klst., og var vitnið þess fullvisst, að það hefði verið sama bifreiðin og síðar var stöðvuð. Það kvaðst aldrei hafa misst sjónar af bílnum, þetta væri sami bíllinn og þeir hefðu séð, mælt og stöðvað, og minnst þess ekki, að það hefði verið einhver annar bíll á sama tíma, sem ekið hefði hratt og vakið hefði athygli þeirra. Vitnið lýsti því, hvernig ratsjain verkaði og hvaða þættir hefðu áhrif á mælinguna. Það kvað hana alltaf mæla réttan hraða, en það væri lögreglumannanna að segja til um það, hvaða bíll það væri, sem kæmi

inn í geislann, og fullyrti vitnið, að sú bifreið, sem mæld hefði verið og stöðvuð, hefði verið sá bíll, sem kom inn í geisla ratsjárinnar.

Vitnið Guðbrandur Hansson, lögreglumaður nr. 101, Birtingakvísl 20, Reykjavík, kt. 290962-6399, mundi ekki sérstaklega eða óljóst eftir atvikinu, er það var hér fyrir dómi. Það vísaði meir til almennu lögregluskýrslunnar um atvikið og kvað það vera rétt, að það hefði verið þarna á Sléttuvegi við hraðamælingu og bifreiðin G-7061 verið mæld á vegarkafli á Kringlumýrarbraut að Sléttuvegi á 93 km hraða m/v klst. með ratsjarmælingu. Það kvað bifreiðinni hafa verið veitt eftirför í framhaldi af mælingunni og verið stöðvuð undir Kópavogsbrú. Spurt um, hvort það væri visst um, að þetta væri sami bíllinn, sem þeir hefðu mælt og þeir stöðvuðu, sagði vitnið, að ef einhver vafi væri í slíkum tilvikum, slepptu þeir frekar umræddri bifreið. Það mundi ekki sérstaklega eftir neinni annarri bifreið í greint sinn. Það kvað vera mjög góða lýsingu á Kringlumýrarbraut og kvað þá því bæði hafa getað séð, að bifreiðinni hefði verið ekið sjáanlega hratt, og eins, hvaða litur væri á henni. Hann kvað þá aldrei hafa misst sjónar á bílnum, sem þeir mældu.

Verjandi ákærða reisir sýknukröfu sína á því, að ratsjarmælingin umrætt kvöld geti ekki átt við akstur bifreiðar ákærða, enda hljóti hún að eiga við þá bifreið, er hann sá koma suður Kringlumýrarbraut, og hljóti lögreglan að hafa misst af bílnum, er komið hafi í geislann við mælinguna. Þá styður hann sýknukröfu sína þeim rökum, að ákærði hafi ekki ekið suður Kringlumýrarbraut, heldur aðrennslisbrautina inn á Kringlumýrarbraut, og eigi verknaðarlýsing í ákæru því ekki við akstur hans.

Niðurstöður.

Engin sérstök atvik eru fram komin í máli þessu, sem rýri gildi ratsjarmælingarinnar, og verður þrátt fyrir mótmæli ákærða að telja, að með vætti vitnanna og öðrum rannsóknargögnum sé nægilega sannað, að ákærði ók í framangreint sinn bifreiðinni G-7061 á 93 km hraða m/v klst. á Kringlumýrarbraut, á vegarkafli við Sléttuveg, en þegar hraði bifreiðarinnar var mældur, var hún í akstri á Kringlumýrarbraut á suðurleið, og skiptir í því sambandi ekki máli, hvort ákærði ók af aðrennslisbrautinni inn á Kringlumýrarbraut.

Í ákæru er brot ákærða talið varða við 1. mgr. 37. gr. laga nr. 50, 1987. Af gögnum málsins verður þá ráðið, að ákæran sé réttilega heimfærð undir 1. mgr., sbr. 3. mgr. 37. gr. sömu laga, og þykir með tilvísun til 118. gr. laga nr. 74, 1974, mega heimfæra háttsemina undir þá málsgrein og 23., sbr. 32. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 625, 1987.

Refsing ákærða þykir samkvæmt 100. gr. umferðarlaga hæfilega ákveðin 10.000 króna sekt í ríkissjóð, og komi þriggja daga varðhald í stað sektar-

innar, verði hún eigi greidd innan þriggja vikna frá birtingu dóms þessa.

Eigi þykja efni til að taka til greina kröfu ákærvaldsins um ökuleyfis-sviptingu samkvæmt 101. gr. umferðarlaga.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin máls-varnarlaun til skipaðs verjanda síns, Kristjáns Ólafssonar hdl., sem ákveð-ast 25.000 kr. auk virðisaukaskatts.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Sigurður Hreinn Hilmarsson, greiði í sekt til ríkissjóðs 10.000 kr., og komi þriggja daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnar-laun skipaðs verjanda síns, Kristjáns Ólafssonar hdl., 25.000 kr. auk virðisaukaskatts.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.
